

2008 nr. 79 12. júní**Lög um endurskoðendur**

Taka gildi 1. janúar 2009. EES-samningurinn: XXII. viðauki tilskipun 2006/43/EB.

I. kafli. Almenn ákvæði.**■ 1. gr. Skilgreiningar.**

□ Í lögum þessum merkir:

1. *Endurskoðandi*: Sá sem hefur þekkingu til að gefa hlutlaust og áreiðanlegt álit á reikningsskilum og öðrum fjárhagsupplýsingum, hefur löggildingu til starfa við endurskoðun og fullnægir að öðru leyti skilyrðum laga þessara.

2. *Endurskoðun*: Óháð og kerfisbundin öflun gagna og mat á þeim í þeim tilgangi að láta í ljós rökstutt og faglegt álit endurskoðanda um áreiðanleika þeirra og framsetningu í samræmi við lög, settar reikningsskilareglur eða önnur skilyrði sem fram koma í álitserðinni.

3. *Endurskoðunarfyrtæki*: Fyrtæki sem fengið hefur skráningu til endurskoðunarstarfa samkvæmt ákvæðum laga þessara.

4. *Endurskoðunarnefnd*: Eins og hún er skilgreind í IX. kafla A laga nr. 3/2006, um ársreikninga.

5. *Samstarfsfyrtæki endurskoðenda*: Endurskoðendur eða endurskoðunarfyrtæki sem hafa með sér samstarf sem miðar að hagnaðar- eða kostnaðarskiptingu, sameiginlegu eignarhaldi, sameiginlegum yfirráðum eða stjórn, sameiginlegri stefnu í gæðastjórnun og gæðaaðferðum, sameiginlegri viðskiptastefnu, notar sameiginlegt vörumerki eða samnýtir umtalsverðan hluta faglegra úrræða.

6. *Alþjóðlegir endurskoðunarstaðlar*: Alþjóðlegir staðlar um endurskoðun (ISA) og tengdar yfirlýsingar og staðlar, að því marki sem þeir tengjast endurskoðun, sem framkvæmdastjórn ESB hefur samþykkt í samræmi við 26. gr. tilskipunar 2006/43/EB og teknir hafa verið upp í íslenskan rétt.

7. Eining tengd almannahagsmunum:

a. Lögðili sem er með skráð lögheimili á Íslandi og hefur verðbréf sín skráð á skipulegum verðbréfamarkaði í ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins, í aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða í Færeyjum.

b. Lífeyrissjóður sem hefur fullgilt starfsleyfi.

c. Lánastofnun eins og hún er skilgreind í lögum nr. 161/2002, um fjármálafyrtæki.

d. Félag sem hefur starfsleyfi til að reka váttryggingastarfsemi hér á landi samkvæmt lögum nr. 60/1994, um váttryggingastarfsemi.

II. kafli. Réttindi endurskoðenda.

■ **2. gr.** Ráðherra veitir réttindi með löggildingu til endurskoðunarstarfa. Til þess að öðlast löggildingu þarf viðkomandi að fullnægja eftirtöldum skilyrðum:

1. eiga lögheimili hér á landi, eða vera ríkisborgari aðildarríkis að Evrópska efnahagssvæðinu, aðildarríkis stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða Færeyja,

2. vera lögráða og hafa haft forræði á búi sínu síðastliðin þrjú ár,

3. hafa óflekkað mannorð, svo sem áskilið er til kjörgengis til Alþingis,

4. hafa lokið meistaranámi í endurskoðun og reikningsskilum sem viðurkennt er af endurskoðendaráði,

5. hafa staðist sérstakt próf, sbr. 5. gr.,

6. hafa starfað að lágmarki í þrjú ár undir handleiðslu endurskoðanda við endurskoðun ársreikninga og annarra reikningsskila hjá endurskoðunarfyrtæki,

7. hafa starfsábyrgðartryggingu, sbr. 6. gr.

□ Óski endurskoðandi sem hefur réttindi til endurskoðunarstarfa í ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins, í aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða í Færeyjum eftir löggildingu til endurskoðunarstarfa hér á landi skal hann standast sérstakt hæfnispróf í lögum og reglum um skatta- og félagarétt.

□ Ráðherra getur, að fengnum tillögum endurskoðendaráðs, veitt þeim einstaklingum löggildingu til endurskoðunarstarfa sem sanna að þeir hafi lokið námi og staðist próf erlendis, sem telst samsvara kröfum sem gerðar eru í 4., 5. og 6. tölul. 1. mgr. enda uppfylli þeir ákvæði 2., 3., og 7. tölul. sömu málsgreinar. Slíkir aðilar skulu standast sérstakt hæfnispróf í lögum og reglum um skatta- og félagarétt.

□ Endurskoðendaráð getur veitt einstaklingum sem lokið hafa öðru háskólanámi með endurskoðun sem kjörsvið undanþágu frá ákvæði 4. tölul. 1. mgr. enda telji endurskoðendaráð sýnt að umsækjandi hafi næga þekkingu á þeim málefnum sem varða endurskoðendur og störf þeirra.

□ Áður en löggilding er veitt skal umsækjandi vinna drengskaparheit um að hann muni af kostgæfni og samvissusemi í hvívetna rækja það starf sem löggildingin veitir honum rétt til að stunda og hlíta lögum og öðrum reglum sem starfið varða.

■ 3. gr. Endurskoðunarfyrtæki.

Endurskoðendum er heimilt að stofna félag um rekstur endurskoðunarfyrtækis í því formi sem þeir sjálfir kjósa, þar á meðal með takmarkaðri ábyrgð.

□ Meiri hluti atkvæðisréttar í endurskoðunarfyrtæki skal vera í höndum endurskoðenda eða endurskoðunarfyrtækja sem hlotið hafa viðurkenningu á Evrópska efnahagssvæðinu eða í aðildarríkjum stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða í Færeyjum.

□ Í endurskoðunarfyrtæki skal meiri hluti stjórnarmanna vera endurskoðendur eða fulltrúar endurskoðunarfyrtækja. Ef stjórnarmenn eru tveir skal annar þeirra vera endurskoðandi eða fulltrúi endurskoðunarfyrtækis.

□ Endurskoðunarfyrtæki skal hafa formlegt gæðakerfi.

□ Endurskoðunarfyrtæki skal tryggja að nöfn og heimilisföng eigenda fyrirtækisins séu aðgengileg almenningi.

□ Endurskoðunarfyrtæki skal að uppfylltum ákvæðum þessarar greinar sækja um réttindi til endurskoðunarstarfa til fjármálaráðuneytisins. Jafnframt ber fyrirtækinu að tilkynna ráðuneytinu án tafar ef það uppfyllir ekki lengur eitthvert þessara ákvæða.

■ **4. gr.** Ráðuneytið birtir opinbera skrá yfir endurskoðendur og endurskoðunarfyrtæki sem fengið hafa réttindi til endurskoðunarstarfa enda séu ákvæði 2. og 3. gr. uppfyllt.

□ Ráðuneytið setur nánari reglur um skráninguna og hvaða upplýsingar skulu koma þar fram.

□ Endurskoðendur og endurskoðunarfyrtæki skulu auðkennnd með sérstöku númeri í opinberu skránni.

□ Endurskoðunarfyrtæki sem hlýtur skráningu skv. 1. mgr. má ekki hafa verið tekið til gjaldþrotaskipta eða beðið verulegan álitshnekki svo draga megi í efa hæfi þess til að uppfylla þær kröfur sem gerðar eru um endurskoðun í lögum þessum. Endurskoðunarfyrtæki sem hlotið hefur skráningu skal án tafar tilkynna fjármálaráðuneytinu ef skilyrði þessarar málsgreinar eru ekki uppfyllt.

□ Endurskoðendur og endurskoðunarfyrtæki skv. 1. mgr. skulu, án ástæðulauss dráttar, tilkynna fjármálaráðuneytinu ef breytingar verða á þeim upplýsingum sem fram koma í skránni.

□ Öðrum en endurskoðendum og endurskoðunarfyrtækjum skv. 1. mgr. er eigi heimilt að nota orðin endurskoðandi eða endurskoðun í starfs- eða firmaheiti sínu. Þá er óheimilt að vekja þá trú að aðili sé endurskoðandi ef hann er það ekki, sbr. 1. mgr., með notkun starfsheitis, firmanafns eða með öðrum misvísandi hætti. Ákvæði þetta nær þó ekki til starfsheitis innri endurskoðenda í fyrirtækjum enda séu störf þeirra hluti af innra stjórnendaeftirliti viðkomandi fyrirtækis.

□ Ráðherra skal auglýsa löggildingu endurskoðenda og skráningu endurskoðunarfyrtækja í Lögbirtingablaði og tilkynna endurskoðendaráði og Félagi löggiltra endurskoðenda. Sama á við ef skráning fellur niður, sbr. 10. mgr.

□ Ráðherra gefur út löggildingarskírteini til handa endurskoðanda.

□ Fyrir löggildingu skal endurskoðandi greiða gjald í ríkissjóð samkvæmt lögum nr. 88/ 1991, um aukatekjur ríkissjóðs.

□ Hafi endurskoðandi lagt inn réttindi sín eða þau verið felld niður skal nafn hans felld út af skrá, sbr. 1. mgr. Sama á við um endurskoðunarfyrtæki sem uppfyllir ekki lengur skilyrði 4. mgr. þessarar greinar og/eða skilyrði 3. gr.

■ **5. gr. Próf og prófnefnd.**

Endurskoðendaráð skv. 14. gr. skipar þriggja manna prófnefnd endurskoðenda sem heldur próf fyrir þá sem sækja um löggildingu til endurskoðunarstarfa. Prófnefndin skal skipuð til fjögurra ára í senn.

□ Próf til öflunar endurskoðendaréttinda skal ná til þeirra greina bóknáms og verkmenntunar sem helst varða endurskoðendur og störf þeirra.

□ Í reglugerð, sem ráðherra setur að fengnum tillögum endurskoðendaráðs, skal m.a. kveðið nánar á um skilyrði til próftöku, prófgreinar, framkvæmd prófa og lágmarksárangur til að standast þau.

□ Próf skulu að jafnaði haldin einu sinni ár hvert.

□ Kostnaður vegna prófa, þ.m.t. þóknun til prófnefndarmanna, greiðist með próftökugjaldi sem ráðherra ákveður að fengnum tillögum endurskoðendaráðs.

■ **6. gr. Starfsábyrgðartrygging.**

□ Endurskoðanda er skylt að hafa í gildi starfsábyrgðartryggingu hjá váttryggingafélagi sem hefur starfsleyfi hér á landi vegna fjárhagstjóns sem leitt getur af ásetningi eða gáleysi í störfum hans eða starfsmanna hans samkvæmt lögum þessum. Tryggingarskyldan fellur niður ef endurskoðandi leggur inn réttindi sín, sbr. 1. mgr. 24. gr.

□ Ráðherra skal, að fengnum tillögum endurskoðendaráðs, ákveða lágmark á fjárhæð tryggingar skv. 1. mgr. og hámark eigin áhættu váttryggingartaka.

□ Endurskoðandi skal fyrir 15. janúar ár hvert senda Félagi löggiltra endurskoðenda staðfestingu um að hann hafi í gildi starfsábyrgðartryggingu.

■ **7. gr. Endurmenntun.**

□ Endurskoðanda er skylt að sækja endurmenntun sem tryggir að hann viðhaldi reglulega fræðilegri þekkingu, faglegri hæfni og faglegum gildum.

□ Endurmenntunin skal að lágmarki svara til 20 klukkustunda á ári og samtals 120 klukkustunda á hverju þriggja ára tímabili. Endurmenntunartímabil endurskoðanda sem fær löggildingu í fyrsta sinn hefst 1. janúar árið eftir að löggilding er veitt.

□ Endurmenntun skv. 1. mgr. skal á hverju þriggja ára tímabili ná a.m.k. til eftirtalinnna sviða og skal lágmark endurmenntunar á hverju sviði vera:

- a. endurskoðun 30 klukkustundir,
- b. reikningsskil og fjármál 20 klukkustundir,
- c. skatta- og félagaréttur 15 klukkustundir,
- d. siðareglur og fagleg gildi 10 klukkustundir.

□ Endurskoðandi skal halda skrá um endurmenntun sína og skulu a.m.k. 60 klukkustundir vera staðfestanlegar á hverju þriggja ára tímabili.

□ Ráðherra getur sett nánari ákvæði um endurmenntun endurskoðenda með reglugerð.

III. kafli. Starfsemi endurskoðenda.

■ **8. gr.** Endurskoðendur skulu rækja störf sín af kostgæfni og samviskusemi í hvívetna og fylgja ákvæðum þeirra laga og reglna sem gilda um störf þeirra.

□ Endurskoðandi skal fylgja siðareglum sem settar hafa verið af Félagi löggiltra endurskoðenda.

□ Endurskoðandi er opinber sýslunarmaður við framkvæmd endurskoðunarstarfa.

■ **9. gr.** Endurskoðandi skal rækja störf sín í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og alþjóðlega staðla um gæðaeftirlit sem teknir hafa verið upp í íslenskan rétt, sbr. 31. gr.

■ **10. gr.** Endurskoðandi samstæðu ber ábyrgð á endurskoðun samstæðureikninga. Endurskoðandi samstæðunnar skal afla gagna og yfirfara vinnu annarra endurskoðenda sem komið hafa að endurskoðun annarra eininga innan samstæðunnar. Þá skal endurskoðandi samstæðu tryggja aðgang eftirlitsaðila að vinnugögnum annarra endurskoðenda vegna endurskoðunar annarra eininga innan samstæðunnar.

□ Í þeim tilvikum þar sem endurskoðun tiltekinna eininga innan samstæðu fer fram í landi utan Evrópska efnahagssvæðisins skal endurskoðandi samstæðu varðveita afrit af vinnugögnum viðkomandi endurskoðenda eða tryggja með öðrum hætti aðgang eftirlitsaðila að þeim og afla sér gagna annarra endurskoðenda. Sé endurskoðanda meinaður aðgangur að vinnugögnum skulu vinnuskjöl skjalfesta þær hindranir og ástæður þeirra.

■ **11. gr. Áritun.**

□ Við lok endurskoðunar skal endurskoðandi árita hið endurskoðaða viðfangsefni með áritun sem inniheldur upplýsingar um endurskoðunina og álit endurskoðandans. Hafi endurskoðunarfyrtæki verið falin endurskoðun skal áritun undirrituð af a.m.k. þeim endurskoðanda sem ábyrgð bar á endurskoðuninni fyrir hönd endurskoðunarfyrtækisins. Áritun skal vera í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla.

IV. kafli. Félag löggiltra endurskoðenda.

■ **12. gr.** Endurskoðendur skulu hafa með sér fagfélag sem nefnist Félag löggiltra endurskoðenda. Er öllum endurskoðendum skylt að vera þar félagsmenn.

□ Hlutverk Félags löggiltra endurskoðenda er að stuðla að faglegri framþróun í endurskoðun og skyldum greinum.

□ Félag löggiltra endurskoðenda setur sér samþykktir. Það skal ekki hafa með höndum aðra starfsemi en þá sem sérstaklega er mælt fyrir um í lögum, sbr. þó 5. mgr.

□ Félag löggiltra endurskoðenda ber kostnað af þeim störfum sem því eru falin með lögum. Getur félagið lagt árgjald á félagsmenn til að standa straum af þeim kostnaði.

□ Félagi löggiltra endurskoðenda er heimilt að starfrækja í öðru skyni en að framan greinir sérstaka félagsdeild, eina eða fleiri. Skal fjárhagur slíkra félagsdeilda aðgreindur frá fjárhag félagsins.

■ **13. gr.** Félag löggiltra endurskoðenda kemur fram fyrir hönd endurskoðenda gagnvart dómstólum og stjórnvöldum um þau málefni sem stétt þeirra varða. Auk þess skal félagið hafa með höndum eftirtalin verkefni í samráði við endurskoðendaráð:

1. Að setja siðareglur fyrir endurskoðendur að fenginni staðfestingu ráðherra á reglunum.
2. Að hlutast til um að reglulega séu haldin námskeið sem fullnægja kröfum um endurmenntun, sbr. 7. gr.
3. Að halda skrá yfir endurmenntun endurskoðenda.
4. Að annast gæðaeftirlit með störfum endurskoðenda.
5. Að halda skrá yfir gildandi starfsábyrgðartryggingu endurskoðenda.
6. Að halda skrá um þá starfsmenn sem eru í starfsþjálfun, sbr. 6. tölul. 1. mgr. 2. gr.

V. kafli. Endurskoðendaráð.

■ **14. gr.** Ráðherra skipar fimm menn í endurskoðendaráð til fjögurra ára í senn og jafnmarga til vara og skulu þeir hafa þekkingu á sviðum sem tengjast endurskoðun.

□ Tveir nefndarmenn skulu skipaðir samkvæmt tilnefningu Félags löggiltra endurskoðenda, einn skal skipaður eftir tilnefningu Viðskiptaráðs Íslands og tveir nefndarmenn skulu skipaðir af ráðherra án tilnefningar og skal annar þeirra vera formaður ráðsins. Skal formaður fullnægja skilyrðum til að vera skipaður í embætti héraðsdómara. Eins skal farið að um skipun varamanna. Meiri hluti ráðsins skal skipaður öðrum en þeim sem hafa starfað við endurskoðun á síðustu þremur árum.

■ **15. gr.** Hlutverk endurskoðendaráðs er að hafa eftirlit með því að endurskoðendur og endurskoðunarfyrtækjari ræki störf sín í samræmi við ákvæði þessara laga, siðareglur Félags löggiltra endurskoðenda og aðrar reglur sem taka til starfa endurskoðenda.

□ Endurskoðendaráð skal sérstaklega fylgjast með:

1. að endurskoðandi uppfylli skilyrði til löggildingar,
2. að endurskoðandi uppfylli kröfur um endurmenntun,
3. að reglulegt gæðaeftirlit með störfum endurskoðenda og endurskoðunarfyrtækjari fari fram,
4. að til séu siðareglur og endurskoðunarstaðlar.

□ Endurskoðendaráð skal hafa samvinnu við lögbær yfirvöld í ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins, í aðildarríki Fríverslunarsamtaka Evrópu eða í Færeyjum við eftirlit og rannsókn með störfum endurskoðenda.

■ **16. gr.** Endurskoðendaráð getur tekið mál til meðferðar að eigin frumkvæði ef það hefur ástæðu til að ætla að endurskoðandi eða endurskoðunarfyrtækjari hafi brotið gegn lögum þessum, siðareglum Félags löggiltra endurskoðenda eða öðrum reglum sem taka til starfa endurskoðenda.

□ Hver sá sem telur á sér brotið af hálfu endurskoðanda með aðgerðum eða aðgerðaleyfi hans getur skotið málinu til endurskoðendaráðs til úrskurðar. Mál skal lagt fyrir endurskoðendaráð með skriflegu erindi svo fljótt sem verða má en eigi síðar en fjórum árum eftir að brot var framið.

□ Endurskoðendaráð úrskurðar um kæru- og ágreiningsefni sem lúta að störfum endurskoðenda samkvæmt lögum þessum.

□ Endurskoðendaráði er heimilt ef sérstaklega stendur á að skylda málsaðila til að greiða gagnaðila sínum málskostnað vegna rekstrar máls fyrir ráðinu.

□ Endurskoðendaráð getur með rökstuddu álitni vísað máli til opinberrar rannsóknar.

■ **17. gr.** Endurskoðendaráð skal veita endurskoðendum eða endurskoðunarfyrtækjum hæfilegan frest til að bæta úr óverulegum annmörkum sem kunna að koma í ljós við eftirlit skv. 15. gr.

□ Nú telur endurskoðendaráð sýnt að endurskoðandi hafi í störfum sínum brotið gegn lögum þessum svo að ekki verði við unað og skal endurskoðendaráð í rökstuddu álitni veita viðkomandi aðila áminningu eða leggja til við ráðherra að réttindi endurskoðandans verði felld niður.

■ **18. gr.** Endurskoðendaráð skal setja sér starfsreglur sem ráðherra samþykkir.

□ Ákvarðanir endurskoðendaráðs sæta ekki stjórnslu-
kæru.

□ Endurskoðendaráð skal jafnan leita álits sérfróðra manna utan ráðsins um mál sem eru utan við sérfræðisvið þeirra manna er ráðið skipa.

□ Í hverju máli skal fullskipað endurskoðendaráð úrskurða.

□ Verði ekki samkomulag í ráðinu um afgreiðslu máls skal þess getið í umsögn, enda hefur sá eða þeir, er ágreining gera, rétt til að gera sérstaka grein fyrir atkvæði sínu.

□ Endurskoðendaráð lætur dómstólum, ákærvaldi og stjórnvöldum í té umsagnir varðandi efni á sviði endurskoðunar.

□ Endurskoðendaráð skal árlega gera skýrslu um störf sín og skal hún opin almenningi. Birta skal opinberlega og rekja alla úrskurði ráðsins skv. 16. gr.

□ Sérhver endurskoðandi skal greiða í ríkissjóð árlegt gjald að fjárhæð 50.000 kr. til að standa strauum af kostnaði við störf endurskoðendaráðs. Gjald daga gjaldsins er 1. janúar og ef gjaldið er ekki greitt innan 30 daga frá gjalddaga skal greiða dráttarvexti af því skv. III. kafla laga nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu, með síðari breytingum.

VI. kafli. Óhæði endurskoðenda.

■ **19. gr.** Í endurskoðunarverkefnum skal endurskoðandi og endurskoðunarfyrtækjari vera óháð viðskiptavinum sínum, bæði í reynd og á sýnd. Endurskoðandi skal eigi framkvæma endurskoðun ef einhver þau tengsl eru á milli endurskoðandans og viðskiptavinar hans sem eru til þess fallin að vekja efa um óhæði hans hjá vel upplýstum þriðja aðila, svo sem atvinnutengsl, bein eða óbein fjárhagsleg tengsl eða viðskiptatengsl önnur en leiðir af endurskoðuninni.

□ Endurskoðanda er óheimilt að taka þátt í ákvörðunum stjórnar eða stjórnenda þess aðila sem hann endurskoðar.

□ Við mat á óhæði skal endurskoðandi fylgja ákvæðum siðareglna sem Félag löggiltra endurskoðenda hefur sett, sbr. 1. tölul. 13. gr. Skjalfesta skal í vinnuskjölum við endurskoðunina allar alvarlegar ógnanir gagnvart óhæði og tilgreina viðeigandi verndarráðstafanir.

□ Endurskoðandi einingar tengdrar almannahagsmunum skal á hverju ári:

1. staðfesta skriflega við endurskoðunarnefnd viðkomandi einingar að hann sé óháður hinni endurskoðuðu einingu,

2. greina endurskoðunarnefndinni frá þeirri þjónustu sem einingunni er veitt auk endurskoðunar,

3. ræða við endurskoðunarnefndina um hugsanlega ógnun við óhæði sitt og þær verndarráðstafanir sem gerðar eru til að draga úr slíkri ógnun.

■ **20. gr. Starfstími endurskoðenda.**

□ Ef ekki er annað áskilið í lögum eða í samþykktum fyrtækis eða samið er um annað helst starf endurskoðanda samkvæmt lögum þessum þangað til annar endurskoðandi tekur

við. Endurskoðandi getur þó látið af starfi áður en ráðningartíma hans lýkur en þá ber honum og eftir atvikum stjórn þess aðila sem í hlut á að tilkynna starfslok endurskoðandans og ástæður þeirra til endurskoðendaráðs. Ekki er hægt að segja upp samningi um endurskoðun vegna ágreinings um reikningsskilareglur eða endurskoðunaráðferðir.

□ Þegar skipt er um endurskoðanda skal endurskoðandinn sem tekur við snúa sér til fráfarandi endurskoðanda sem ber skylda til að upplýsa um ástæðurnar fyrir starfslokum sínum. Jafnframt skal fyrri endurskoðandinn veita hinum nýja endurskoðanda aðgang að öllum upplýsingum sem máli skipta um fyrirtækið sem endurskoðað er.

□ Endurskoðandi sem ber ábyrgð á endurskoðun einingar tengdrar almannahagsmunum skal taka sér hlé frá endurskoðun þeirrar einingar í a.m.k. tvö ár samfelld eigi síðar en sjö árum eftir að honum var falið verkið. Sama gildir um endurskoðendur þeirra dótturfélaga sem hafa verulega þýðingu innan samstæðunnar.

□ Endurskoðanda sem áritar endurskoðuð reikningsskil einingar tengdrar almannahagsmunum er ekki heimilt að taka við lykilstjórnunarstöðu hjá viðkomandi einingu fyrr en a.m.k. tvö ár eru liðin frá því að hann tók þátt í endurskoðun einingarinnar.

■ 21. gr. Þóknun.

□ Þóknun fyrir endurskoðun skal við það miðuð að hún geri endurskoðanda kleift að komast að rökstuddri niðurstöðu í samræmi við þær faglegu kröfur sem settar eru fram í lögum þessum og gilda almennt um störf endurskoðenda.

□ Greiðsla eða fjárhæð þóknunar fyrir endurskoðun má ekki með nokkrum hætti skilyrða eða tengja öðru en endurskoðuninni.

VII. kafli. Gæðaeftirlit.

■ 22. gr. Endurskoðunarfyriertækjum og endurskoðendum sem þar starfa og sjálfstætt starfandi endurskoðendum er skylt að sæta gæðaeftirliti eigi sjaldnar en á sex ára fresti í samræmi við ákvæði þessarar greinar.

□ Endurskoðendur eða endurskoðunarfyriertæki sem annast endurskoðun eininga tengdra almannahagsmunum skulu þó sæta gæðaeftirliti eigi sjaldnar en á þriggja ára fresti.

□ Endurskoðendaráð setur reglur um framkvæmd gæðaeftirlits og val gæðaeftirlitsmanna svo að tryggt sé að þeir séu óháðir þeim sem eftirlitið beinist að.

□ Endurskoðandi eða endurskoðunarfyriertæki sem sætir gæðaeftirliti skal veita þeim sem sinnir gæðaeftirliti nauðsynlega aðstoð og aðgang að upplýsingum sem óskað er eftir við gæðaeftirlitið. Lagaákvæði um þagnarskyldu takmarka ekki skyldu til þess að veita upplýsingar og aðgang að gögnum.

□ Endurskoðendaráð skal árlega birta upplýsingar um heildarniðurstöðu gæðaeftirlitsins.

VIII. kafli. Brottfall endurskoðunarréttinda.

■ 23. gr. Sá sem hefur löggildingu til endurskoðunarstarfa og fullnægir ekki skilyrðum laga til þess að njóta hennar skal án tafar tilkynna það til endurskoðendaráðs.

■ 24. gr. Endurskoðandi getur lagt inn réttindi sín og falla þá niður réttindi og skyldur hans sem endurskoðanda nema annað leiði af lögum. Endurskoðandi getur ekki lagt inn réttindi sín ef mál hans er til meðferðar hjá endurskoðendaráði nema með heimild endurskoðendaráðs enda séu annmarkar óverulegir.

□ Hafir endurskoðandi lagt inn réttindi sín skal veita honum

þau á ný eftir umsókn hans án endurgjalds ef hann fullnægir orðið öllum skilyrðum til að njóta þeirra og sanni að hann hafi uppfyllt endurmenntunarkröfur þriggja ára tímabils.

■ 25. gr. Réttindi endurskoðanda falla niður eftir ákvörðun ráðherra:

1. Ef endurskoðandi fullnægir ekki skilyrðum til löggildingar.

2. Að tillögu endurskoðendaráðs, sbr. 17. gr.

□ Hafir réttindi endurskoðanda verið felld niður skv. 1. mgr. getur einstaklingur óskað eftir endurnýjun þeirra, enda fullnægi hann öllum skilyrðum til löggildingar. Skal þá veita honum þau standist hann próf að nýju skv. 5. gr. Ráðherra getur, að fengnum tillögum endurskoðendaráðs, veitt undanþágur frá ákvæðinu.

□ Endurskoðendaráð getur lagt til við ráðherra að réttindi endurskoðunarfyriertækis til endurskoðunarstarfa verði felld niður uppfylli það ekki ákvæði laga þessara.

■ 26. gr. Hafir réttindi endurskoðanda verið felld niður eða þau lögð inn skal löggildingarskírteini skv. 8. mgr. 4. gr. án tafar skilað til fjármálaráðuneytisins.

IX. kafli. Skaðabætur og refsingar.

■ 27. gr. Endurskoðandi ber ábyrgð á tjóni sem hann eða starfsmenn hans valda í störfum sínum, af ásetningi eða gáleysi. Um sakarmat og sönnun gilda reglur skaðabótaréttar.

■ 28. gr. Brot gegn lögum þessum og reglum, sem settar verða samkvæmt þeim, varða sektum til ríkissjóðs, niðurfellingu réttinda eða fangelsi allt að 2 árum, nema þyngri hegning liggi við samkvæmt öðrum lögum hvort sem þau eru framin af ásetningi eða gáleysi.

□ Heimilt er að gera upptækan með dómi beinan eða óbeinan hagnað sem hlotist hefur af broti gegn ákvæðum laga þessara er varða sektum eða fangelsi.

□ Tilraun til brots eða hlutdeild í brotum samkvæmt lögum þessum er refsiverð eftir því sem segir í almennum hegningarlögum.

X. kafli. Ýmis ákvæði.

■ 29. gr. Skýrsla um gagnsæi.

□ Endurskoðendur og endurskoðunarfyriertæki sem hafa með höndum endurskoðun eininga tengdra almannahagsmunum skulu árlega birta á vefsetri sínu skýrslu um gagnsæi. Skýrslan skal birt eigi síðar en þremur mánuðum fyrir lok hvers reikningsárs.

□ Í skýrslu endurskoðunarfyriertækis um gagnsæi skal a.m.k. eftirfarandi koma fram:

a. lýsing á félagsformi og eignarhaldi,

b. lýsing á lagalegu og skipulagslegu fyrirkomulagi samstarfsfyriertækja endurskoðenda sem það kann að tilheyra,

c. lýsing á stjórnskipulagi þess,

d. lýsing á innra gæðaeftirlitskerfi og yfirlýsing frá stjórn um skilvirkni þess,

e. upplýsingar um hvenær síðasta gæðaeftirlit fór fram, sbr. 22. gr.,

f. skrá yfir einingar tengdar almannahagsmunum sem það hefur annast lögboðna endurskoðun fyrir á næstliðnu fjárhagsári,

g. upplýsingar um óhæðisreglur ásamt staðfestingu um að þeim hafi verið fylgt,

h. upplýsingar um endurmenntunarfefnu, sbr. 7. gr.,

i. upplýsingar um heildarveltu, sundurliðað eftir þóknun fyrir endurskoðun og aðra þjónustu á næstliðnu fjárhagsári,

j. upplýsingar um grundvöllinn fyrir starfskjörum eigenda.

□ Skýrslan um gagnsæi skal undirrituð af stjórn endurskoðunarfyrirtækis, sbr. 3. gr., eða af viðkomandi endurskoðanda ef hann er sjálfstætt starfandi.

□ Eftirlit með skýrslum um gagnsæi er í höndum endurskoðendaráðs.

■ **30. gr. Þagnarskylda.**

□ Endurskoðendur, starfsmenn endurskoðenda, eftirlitsaðilar og hverjir þeir sem taka að sér verk í þágu endurskoðenda eða eftirlitsaðila eru bundnir þagnarskyldu um allt það er þeir kunna að komast að vegna starfa sinna og leynt skal fara samkvæmt lögum eða eðli máls, nema dómari úrskurði að skylt sé til að veita upplýsingar fyrir dómi eða lögreglu eða skylda sé til að veita upplýsingar lögum samkvæmt. Þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi.

□ Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er endurskoðendaráði heimilt að láta erlendum eftirlitsaðilum eða lögbærum yfirvöldum erlendis í té upplýsingar að því tilskildu að viðkomandi erlendir aðilar uppfylli kröfur um samsvarandi þagnarskyldu og séu undir eftirliti í sínu heimalandi. Með upplýsingar, sem eftirlitsaðili fær frá framangreindum erlendum aðilum og einkenndar eru sem trúnaðarmál eða eru það eðli máls samkvæmt, skal fara að hætti 1. mgr.

■ **31. gr.** Ráðherra getur sett reglugerð um nánari framkvæmd þessara laga, þar á meðal um innleiðingu alþjóðlegra endurskoðunarstaðla sem samþykktir hafa verið af sameiginlegu EES-nefndinni.

XI. kafli. Gildistaka o.fl.

■ **32. gr. Innleiðing.**

□ Lög þessi eru sett til þess að taka upp í innlandan rétt ákvæði tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2006/43/EB frá 17. maí 2006 um lögboðna endurskoðun ársreikninga og samstæðureikninga, um breytingu á tilskipun ráðsins 78/660/EBE og 83/349/EBE og um niðurfellingu á tilskipun ráðsins 84/253/EBE eins og hún var tekin upp í samninginn um Evrópska efnahagssvæðið með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar, nr. 160/2006.

■ **33. gr. Gildistaka.**

□ Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2009. . . .

Ákvæði til bráðabirgða.

■ **I.** Fyrsta endurmenntunartímabil skv. 7. gr. hefst 1. janúar 2010. Þrátt fyrir 33. gr. halda ákvæði 3. og 4. málsl. 1. mgr. 4. gr. laga nr. 18/1997, um endurskoðendur, með síðari breytingum, gildi sínu fram að þeim tíma.

■ **II.** Þar til alþjóðlegir endurskoðunarstaðlar hafa verið teknir upp í íslenskan rétt skal endurskoðun skv. 9. gr. fara eftir góðri endurskoðunarvenju. Með góðri endurskoðunarvenju er átt við að endurskoðað sé með viðurkenndum aðferðum í samræmi við leiðbeinandi reglur um endurskoðun (ISA) út gefnar af alþjóðasamtökum endurskoðenda (IFAC) sem Félag löggiltra endurskoðenda er aðili að.

■ **III.** Þeir sem fyrir gildistöku þessara laga uppfylla skilyrði laga til að öðlast löggildingu til endurskoðunarstarfa eða hafa í gildi réttindi til að starfa sem slíkir skulu teljast uppfylla ákvæði 4. tölul. 1. mgr. 2. gr.